

Velferðarnefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

29. desember 2022

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning) mál 533.

Bandalag háskólamanna (BHM) vill koma á framfæri við Alþingi eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Fram kemur í greinagreiningarð með frumvarpinu að ekki eru lagðar til miklar efnisbreytingar á umræddum lögum. Lagt er upp með heildarendurröðun og breytingu á númerum lagagreina með það að markmiði að gera lögina aðgengilegri og skýrari yfirlestrar. BHM styður það markmið.

Sérstaka athygli vekja þó ný ákvæði um tekjugrunn við ákvörðun elli- og örorkulífeyris, sbr. 22. og 30. gr. Í þeim ákvæðum er lagt til að lífeyrir almannatrygginga frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við, sbr. 58., 59. og 64. gr., skuli ekki teljast til tekna við ákvörðun lífeyris. Umrædd ákvæði munu einkum hafa þýðingu vegna reglna EES-réttar um samhæfingu almannatrygginga og frjálsa för fólks, sbr. 28. og 29. gr. EES-samningsins og reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

Í frumvarpinu er ekki fjallað um áhrifin sem þessi breyting mun hafa í för með sér fyrir þann hóp lífeyrisþega sem hefur myndað réttindi til lífeyris samkvæmt löggjöf annarra EES-ríkja. Þó kemur fram að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 1 milljarð á ári verði þessi breyting að lögum. Sú kostnaðargreining byggir væntanlega á tölum um fjölda lífeyrisþega sem málið varðar og hvernig framkvæmd mála hefur verið háttað fram til þessa.

BHM vill benda þingnefnd á að Tryggingastofnun ríkisins hefur um langt árabíl meðhöndlað lífeyri almannatrygginga frá öðrum EES-ríkjum, sem byggir á atvinnuþátttöku og/eða greiðslu iðgjalda, með sama hætti og greiðslur úr íslenska lífeyrissjóðakerfinu.

Sú framkvæmd á sér engin fordæmi á hinum Norðurlöndunum né í ríkjum á meginlandi Evrópu. Ástæðan er einföld og liggur í ákvæðum EES-réttar, þ.m.t. 53.-54. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samhæfingu almannatrygginga. Þær reglur hafa verið óbreyttar að efni til allan gildistíma EES-samningsins. Það er fyrst núna í byrjun árs 2023 að íslensk stjórnvöld telja ástæðu til að laga framkvæmd almannatrygginga hér á landi að þeim reglum.

Í sem stystu máli er EES-reglum um samhæfingu almannatrygginga ætlað að standa vörð um lífeyrisréttindi fólks sem starfað hefur í tveimur eða fleiri aðildarríkjum og myndað í hverju þeirra rétt til lífeyris almannatrygginga. Við lok starfsævinnar ber hverju aðildarríki að reikna út og greiða þann (hluta) lífeyris sem viðkomandi einstaklingur hefur myndað rétt til samkvæmt löggjöf þess. Sérstaklega er tekið fram að við útreikning þeirra réttinda sé óheimilt að beita skerðingarreglum í landsrétti að því er varðar lífeyri almannatrygginga sem viðkomandi einstaklingur gerir tilkall til samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja.

Þessi hópur lífeyrisþega hefur ekki sömu réttarstöðu og þeir sem myndað hafa öll sín lífeyrisréttindi í einu og sama ríkinu. Lífeyrisréttindin verða til á mismunandi og aðskildum tímabilum og skiptast því niður á fleiri ríki. Þessir tveir hópar lífeyrisþega eiga það hins vegar sammerkt að þeir eru bundnir af ákvæðum í landsrétti aðildarríkja um samspil grunnlífeyris og atvinnutengdra lífeyrisréttinda. Slíkum reglum má þó einungis beita um aðrar lífeyristekjur sem eiga uppruna sinn í sama aðildarríki. Svo dæmi sé tekið þá er íslenskur lífeyrisþegi sem myndað hefur réttindi í Noregi og Danmörku bundinn af tekjuskerðingarákvæðum hvors ríkis um sig, en einungis að því er varðar þær tekjur sem eiga uppruna í hvoru ríki um sig. Tryggingastofnun hefur hins vegar, eins og áður segir, ekki virt framangreindar meginreglur EES-réttar og beitt skörunarreglum landsréttar jafnt um innlendar sem erlendar lífeyrisgreiðslur. Grunnlífeyrir sem byggir á búsetu hefur þó verið undanskilinn þessari framkvæmd.

Með nýju ákvæði um tekjugrunn lífeyris er lögð til mikilvæg og löngu tímabær breyting til samræmis við skyldur Íslands samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Breytingin er til hagsbóta fyrir þá lífeyrisþega sem hafa starfað á einhverju tímabili starfsævinnar í öðrum EES-ríkjum. Að mati BHM er hins vegar ekki hægt að afgreiða þennan þátt frumvarpsins nema að undangenginni umræðu um hvernig þessum málum hefur verið háttað og

hvernig stjórnvöld hyggjast bæta lífeyrisþegum upp þá skerðingu á framfærslu sem þeir hafa að ósekju þurft að búa við.

**BHM styður nýtt ákvæði um tekjugrunn lífeyris.** Kallað er eftir því að stjórnvöld hefjist strax handa við að leiðrétta með afturvirkum hætti allar skerðingar á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga sem lífeyrisþegar, sem heyra undir reglur EES-réttar um samhæfingu almannatrygginga, hafa þurft að þola á umliðnum árum.

Virðingarfyllst,



Friðrik Jónsson  
formaður BHM



Ingvar Sverrisson  
Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum

